

Fundur 1.5.2023 Kristin Benson Bandarísk kona sem flutti fyrir 40 árum.

Góða kvöldið, komið þið sælir.

*Já, góða kvöldið.*

Er ég svo hamingjusöm að vera í þessum líkama og hefur fylgt mér gæfa síðan ég hingað kom og hef ég verið lengi í þeim hóp sem les gamlar Íslendingasögur sér til skemmtunar og reynir að læra hin gömlu orð.

Og er svo margt gott frá þessu lífi að segja og vil ég bæði lýsa því góða og því slæma sem hér hefur borið við og er það hið sanna fagnaðarerindi að fá aftur að lifa í líkamanum og fá aftur tækifæri til að bæta sig, bæta persónuleika sinn og elska og gleðjast og reyna að halda í skefjum öllum þeim neikvæðu eðlisþáttum sem manni eru gefnir eða eru hluti af ættarfylgju og kynslóðaminni.

Höfum við mikið skynjað til gamla hnattarins okkar að undanfögnu og eru hér margir í mínu þjóðfélagi mjög pólitískir og vilja skipta sér af því sem gerist í heimalandi okkar og sárnar þeim mjög að fá ekki tækifæri til að koma góðum áhrifum til leiðar nema í gegnum miðla sem skilja misvel það sem við erum að segja og reynum við að vísu einnig að hafa áhrif á stjórnámálamenn og menntamenn og áhrifavalda ýmsa í þjóðfélaginu okkar gamla til að koma í gegn góðum breytingum og hafa góð áhrif, en það gengur okkur misvel.

Og höfum við áhyggjur af því að þjóðfélag okkar sé að þróast á verri veginn eins og sumt bendir til að þjóðfélag okkar á þessum hnetti sé að gera einnig, en um það eru deildar meiningar.

Erum við fjölmenn þjóð og segja má með sanni að sé ég mjög stolt af því að tilheyra okkar þjóð og er það sérstök ánægja mín að hafa sambönd við þá fjölmörgu framlífs hnetti sem þjóð okkar dvelur á og eru hóparnir margskonar og skiptast þeir eftir trúarbrögðum, kynþáttum og viðhorfum í lífinu að ýmsu leiti.

Þannig að samstilling hvers hnattar takist sem best fyrir sig og erum við hér stödd á hnetti þar sem ég var stödd í salnum þar sem samband tókst við ykkar hnött og vildi ég lýsa minni upplifun og skoðunum þess þjóðfélags hóps sem ég tilheyri, en eru það konur á framabroti og þykir mér fyrir því ef sambandið er ekki nógu gott.

Ég hef starfað sem fatahönnuður í þessu framlífi og vildi ég gjarnan segja frekari deili á mér, vil ég biðja ykkur að hugsa til minnar þjóðar svo mér takist betur að koma erindi mínu í gegn, er ég Bandarísk.

*Já ég er að hugsa til Bandaríkjanna.*

Já.

*Mig grunaði að þú værir þaðan.*

Það eru einhverjir erfiðleikar,

*Er ekki Jahve að reyna að skemma eins og vant er?*

Já það kann að vera, ég ætlaði einmitt að segja frá því að óhófleg hinnar kristnu trúar eru farin að gera vart við sig í okkar þjóðfélagi á framlífs jörð og höfum við áhyggjur af því að réttindi kvenna verði fótum troðin og höfum við einnig fylgst með því sama í gamla heimalandi okkar og reynum að snúa því við, en hefur það gengið misvel.

Hef ég einnig verið virk í femínísku starfi á þessum hnetti, en er það nú farið að verða erfiðara og eru hér stærri samtök sem einmitt tigna hinn gamla guð Jahve og reistar miklar kirkjubyggingar honum til heiðurs og hefur þjóðfélagið einnig breyst í samræmi við það.

Og er þjóðfélagið farið að minna á það sem ég þekkti í minni æsku og átti við að glíma í bernsku minni sem kona af minnihluta hópi og margskonar vandamál því tengd, en er þó ástandið býsna gott enn á þessum hnetti.

En er ég sammála því að kenni ég því um, Jahve og hinni kristnu trú að koma þar ýmis trúaratriði sem tengjast gamla testamentinu og ekki til bóta.

Var ég hér stödd í salnum þegar frægur maður á mínum hnetti talaði til ykkar, Chuck Berry og

*Ert þú dökk á hörund?*

Já ég er af blönduðum uppruna, eins og margir hér, svartir eða þannig og eru það ýmis mál sem upp hafa komið sem við teljum bera vott um hnignun í stjórnarfari, en ég ætla nú ekki að einblína á það, heldur vil ég segja það að hér hefur líf mitt verið mjög gott og miklu hamingjusamara en á gömlu jörðinni.

Hef ég hér eignast fallega og góða fjölskyldu og þótt ekki okkur hafi verið unnt að útskýra líf okkar til fullnustu fyrir þeim sem trúa á andaheim, þá höfum við eitthvað haft áhrif á stjórnmalalífið í átt til umburðarlyndist og kærleika á jörðinni.

Og hefur það verið gefandi fyrir okkur og er það mér mikil ánægja að koma hér fram á meðal ykkar sem vitið að við erum líkamlegar manneskjur á öðrum hnetti.

Og væri það ánægjulegt að segja frá umskiptunum seinna, en finn ég nú orkuna dvína og reyni ég nú að koma nafni mínu og koma svo síðar.

Nafn mitt er Kristin Benson og reyni ég að koma síðar og á ykkar fund og vil ég þá gjarnan segja frá æsku minni og framkomu á nýjum hnetti.

Var það mér mikið ánægjuefni og,

*Hvenær fluttir þú yfir?*

Það eru fjörutíu ár.

*Já, já.*

En er nú enn nokkuð hraust og virk í mörgum félagsstörfum og vona að ég haldi góðri heilsu enn nokkuð lengur, er hér af mörgu að segja og tækni framfarir miklar og lífið auðveldara.

Sem er mjög gott, en höfum áhyggjur af þessum áhrifum sem koma frá Jahve og þeim trúarbrögðum, verð ég nú að kveðja og þakka ég fyrir, verið þið sælir.

*Já, takk, takk fyrir innlitið, vertu sæl.*